

Fundur skipulags- og samgönguráðs 26. janúar 2021:
Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins - US210007

Hafnartorgið er í hjarta bæjarins. Nú eru þar miklar byggingar og er svæðið kalt ásýndum í ýmsum merkingum. Þarna er vindasamt. Einkaaðilar hafa fengið mikil völd í þessu tilfelli en Reginn er eigandi alls verslunarsvæðisins. Þótt þeir ráði hverjir fái leyfi til rekstur á götum við Hafnartorgi hefur Reykjavíkurborg engu að síður mikið um það að segja hvernig umhverfi Hafnartorgs lítur út. Borgararnir eiga líka rétt á að sjónarmið þeirra um borgina fái að koma fram.

Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort skipulagsyfirvöld borgarinnar ætli beita sér til að gera þetta svæði meira aðlaðandi, veðursælla og lygnari stað?

Fulltrúi Flokks fólksins hefur áður talað um líkantilraunir í vindgöngum.

Umræða um vindstrengi í og við Hafnartorg gefa tilefni til að endurtaka þá umræðu enda virðist ekki þörf á. Í líkantilraunum er hægt að mæla hvernig form húsa og staðsetning hafa áhrif á vindstrengi. Sumt byggingarlag, svo sem þegar hús mjókka upp (t.d. Hallgrímskirkju) lyfta vindinum en kassalaga hús (t.d. Höfðatorg) beina vindi jafnt upp og niður með tilheyrandi vindstrengjum niður við jörð. Tilraunir í vindgöngum geta svarað öllum slíkum spurningum. Lagt er því til að skipulagsyfirvöld í borginni taki upp þess háttar vinnubrögð. Það gæti fyrirbyggt mörg skipulagsslys. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. mars 2021.

Ísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.




Reykjavík 11. mars 2021 (HG1)

Varðar: Svohljóðandi fyrirspurn Flokks fólksins um Hafnartorg:

Hafnartorgið er í hjarta bæjarins. Nú eru þar miklar byggingar og er svæðið kalt ásýndum í ýmsum merkingum. Þarna er vindasamt. Einkaaðilar hafa fengið mikil völd í þessu tilfelli en Reginn er eigandi alls verslunarsvæðisins. Þótt þeir ráði hverjir fái leyfi til rekstur á götum við Hafnartorgi hefur Reykjavíkurborg engu að síður mikið um það að segja hvernig umhverfi Hafnartorgs lítur út. Borgararnir eiga líka rétt á að sjónarmið þeirra um borgina fái að koma fram. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort skipulagsyfirvöld borgarinnar ætli beita sér til að gera þetta svæði meira aðlaðandi, veðursælla og lygnari stað?

Fulltrúi Flokks fólksins hefur áður talað um líkantilraunir í vindgöngum.

Umræða um vindstrengi í og við Hafnartorg gefa tilefni til að endurtaka þá umræðu enda virðist ekki þörf á. Í líkantilraunum er hægt að mæla hvernig form húsa og staðsetning hafa áhrif á vindstrengi. Sumt byggingarlag, svo sem þegar hús mjókka upp (t.d. Hallgrímskirkju) lyfta vindinum en kassalaga hús (t.d. Höfðatorg) beina vindi jafnt upp og niður með tilheyrandi vindstrengjum niður við jörð. Tilraunir í vindgöngum geta svarað öllum slíkum spurningum. Lagt er því til að skipulagsyfirvöld í borginni taki upp þess háttar vinnubrögð. Það gæti fyrirbyggt mörg skipulagsslys.




Loftmynd af Austurhöfn/Hafnartorgi og Hörpu með lóðamörkum.


Skipulag:

Landnotkun í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 - 2030 er miðsvæði: "M1a. Miðborgarkjarni í miðborgarkjarnanum má finna lykilstofnanir stjórnsýslu, menningar og mennta, liflegustu verslunargötur landsins, litríka flóru veitingastaða auk fjölbreyttrar sérfræðipjónustu. Sérstök áhersla er á smásöluverslun auk veitingastarfsemi og afþreyingu sem og þjónustu lykilstofnana stjórnsýslu, menningar og mennta. Á jarðhæðum eru verslunar-, veitinga- og menningar-, félags- og þjónustustarfsemi opin almenningi í forgangi, en á efri hæðum skrifstofu- og íbúðarhúsnæði auk gistiþjónustu. Til þess að efla smásöluverslun staðbundið í miðborgarkjarnanum, stuðla að fjölbreyttri starfsemi og lifandi almenningssýmum eru ákvæði um útlit og starfsemi við götuhliðar í miðborgarkjarna. Almennar veitingaheimildir miðsvæða gilda í miðborgarkjarna en á afmörkuðu svæði eru rýmri veitingaheimildir. Sjá nánar kaflann Sérstök ákvæði um starfsemi. Frekari markmið um þróun miðborgarkjarnans eru sett fram í kaflanum Miðborgin í Borg fyrir fólk."

Í gildi er deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag Austurhafnar, samþykkt í borgarráði 15. maí 2006 með síðari breytingum.



Gildandi deiliskipulag.



Harpan.

Umsögn:

Svæði sem tilheyrir deiliskipulagi Austurhafnar, allt frá Hörpu í norðri yfir Geirsgötu og út að Tryggvagötu og á milli Kalkofnsvegjar/Arnarhóls til austurs og hafnarbakkans til vesturs, er allt innan sömu lóðar. Innan lóðarinnar eru tvær göngugötur; Reykjastræti og Kolagata auk þess sem Geirsgata liggur í gegnum lóðina. Kolagata er auk þess innan byggingareitar 1 og 2 sem eru byggingar með verslunarrýmum á fyrstu hæð í eigu Reita ehf, eins og kemur fram í fyrirspurninni.

Reykjavíkurborg hefur umsjón með Reykjastræti og er skv. deild borgarhönnunar og hefur gróður verið aukinn í götunni auk þess sem unnið verður meira með að „bæta ásýnd þess“ nú í sumar. Kolagata er hins vegar innan lóðar einkaaðila, hafa þeir þó áform um að bæta ásýndina með því að setja niður gróðurker og setsvæði eins og myndir hér að neðan sýna:



Myndir Regins sem sýna gróður og setsvæði á Kolagötu.


Varðandi vind á Hafnartorgi þá eru austan og suðaustan vindáttir ríkjandi, auk norðan og norðaustan á sumrin og hafgolu úr norðvestri á sólríkum sumareftirmiðdögum skv. greinargerð deiliskipulagsins. Heimild er í deiliskipulagi til byggingu skjólvirkja, á Reykjatorgi og Reykjastræti, sem hluti af byggingum eða sérstök mannvirki. Mega skjólvirkin á byggingum ná allt að 1m út fyrir byggingareit á jarðhæð en 2m ofar og vera amk 50% gegnsæ. Þetta ákvæði í deiliskipulaginu hefur enn sem komið er að verið nýtt til að mjög takmörkuðu leyti til að draga úr vindi. Þekkt er að trjágróður dregur úr vindi og er oft plantað í þeim tilgangi að draga úr honum þar sem þörf er á eftir reynslu eða útreikninga vindlíkana. Með meiri gróðri á Hafnartorgi, bæði á Reykjastræti og Kolagötu og vel völdum setsvæðum, verður svæðið vonandi meira aðlaðandi, veðursælla og lygnara.

Lagt er til með fyrirspurninni að líkanatilraunir í vindgöngum verði almennt nýttar við skipulagsgerð. Nokkur ráðgjafafyrirtæki bjóða upp á vindstúdíur á tölvulíkönnum skipulagstillagna. Með líkönum er hægt að sjá fyrir hvar vindur blæs og hver vindhröðun verður á tilteknum stöðum. Vindhröðun verður t.d. þegar vindur streymir um þrengingar á milli húsa þar sem hlutfall götu og bygginga er þannig að hæð bygginga er meiri en 2 x breidd götu. Vindur sem lendir á byggingu sem er hærri en umhverfi sitt lendir á vegg og getur myndað hvirfilvind þegar vindurinn streymir niður til jarðar auk vindhröðunar við enda byggingarinnar. Ef byggðin er jafnhá leitar vindur yfir byggingarnar.

Til að meta áhrifin er t.d. þægindaviðmiðaskali Lawson LDDC notaður. Litakóðar sýna hvar er ásættanlegt að hafast við í lengri eða styttri tíma:

TAFLA 3 Lawson LDDC vindþægindaviðmið notuð í Bretlandi.

FLOKKUR	VIÐMIÐUNARGILDI FYRIR VINDHRAÐA	ÁRLEG TÍÐNI	LITUR
1 Sitja lengi	2.5 m/s	5%	
2 Sitja	4 m/s	5%	
3 Standa	6 m/s	5%	
4 Ganga	8 m/s	5%	
5 Óásættanlegt	8 m/s	> 5%	



Úr skýrslu EFLU um vindgreiningu Orkuhússreitar dags. 19. 12 2019.

Auk vindgreininga verkfræðistofa hafa verðurfræðingar einnig verið fengnir til þess að gefa umsagnir um tiltekin skipulagsáform. Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur hefur tekið út skipulag og komið með tillögur um mótvægisáðgerðir eða úrbætur eftir þörfum.

Hvorki er í skipulagslögum, -reglugerð, né í byggingareglugerð ákvæði um ásættanleg vindþægindaviðmið í byggðu umhverfi, eins og á við um t.d. hljóðvist. Á meðan svo er, er tilviljunarkennt hvort að lóðarhafi, eins og í tilfelli Reita á Orkureit eða Reykjavíkurborg, láti gera vindgreiningar við skipulagsgerð. Það væri þó fyllsta ástæða til þess að taka upp slíkt verklag við stærri skipulagsverkefni.

f.h.

Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Hildur Gunnarsdóttir arkitekt FAÍ, verkefnastjóri